


Vilt þú taka þátt í ráðstefnu um opið menntaefni?



Ráðstefna um opið menntaefni 21. nóvember 2011

Við köllum eftir ágrípum að erindum fyrir ráðstefnuna "Opið menntaefni" sem verður haldin mánudaginn 21. nóvember 2011 í salnum Rímu sem er í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi í Reykjavík.

Ráðstefnan er ætluð kennurum og áhugafólki sem vilja kynna sér hvað opið menntaefni er. Hugmyndafræði opins menntaefnis verður kynnt og rætt um kosti þess og galla. Staðan á Íslandi hvað þetta varðar verður skoðuð og rætt um hvaða áhrif aukin notkun á opnu menntaefni gæti haft og hvernig við sjáum fyrir okkur þróun slíks efnis hér á landi.

Áhugasömum fræðimönnum, kennurum, námsefnishöfundum og öðrum sem hafa þekkingu og reynslu á þessu sviði er boðið að senda inn 200 orða ágríp fyrir mánudag 7. nóvember 2011, á eftirfarandi vefslóð: <http://oer.menntagatt.is>

Nánari upplýsingar veitir Birita í Dali (birita.i.dali@mrn.is), verkefnastjóri hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Opið menntaefni felur í sér lýðræðislega þróun á námsefni og verkfærum sem geta hentað vel í kennslu og nám.

Til þess að menntaefni teljist vera opið þarf það að vera gefið út með opnu leyfi. Opin leyfi leyfa öðrum að gera breytingar á efninu, nota það og dreifa því.

Bandaríkin, Bretland, Kína, Japan, Bangladesh, Suður Afrika, Suður Kórea, Saudi Arabia, Uruguay og mörg önnur lönd hafa opinberar stefnur um opið menntaefni.

3f félag um upplýsingatækni og menntun



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

RANNUM

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun